

Fundargerð háskólaráðs
386. fundur fimmtudaginn 21.09.2017
Borgir R262

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 14:05.

Mættir voru auk hans:

Björn Ingimarsson fulltrúi menntamálaráðuneytis
Brynhildur Pétursdóttir fulltrúi háskólaráðs
Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins
Sigfríður Inga Karlsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Forföll boðuðu:

Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs
Erla Björg Guðmundsdóttir varafulltrúi háskólaráðs
Berglind Ósk Guðmundsdóttir fulltrúi nemenda
Valdemar Karl Kristinsson varafulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Martha Lilja Olsen ritari háskólaráðs
Úlfar Hauksson forstöðumaður fjármála

Gestir:

Edward H. Huijbens formaður siðanefndar HA

Rektor kynnti dagskrá.

1. Samþykkt fundargerðar 384. og 385. fundar

Fundargerðirnar bornar upp og samþykktar án athugasemda.

2. Rekstur

Úlfar Hauksson kom inn á fundinn undir þessum lið. Úlfar fór yfir rekstraryfirlit janúar til ágúst. Rekstrarstaða fræðasviðanna er betri en oft áður og er rekstur fræðasviðanna á áætlun. Rekstur skólans í heild er innan áætlunar og í jafnvægi.

Úlfar kynnti einnig fyrirhuguð framlög til háskólans samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2018, sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Fyrirhuguð framlög til háskólans eru í samræmi við fyrra ár, þ.e. ekki eru aukin framlög til háskólastigsins heldur er aukningin í takt við verðlagsbreytingar og því óbreytt ástand frá því sem nú er. Hluttur HA í heildarframlögum til háskólastigsins er einnig sá sami og áður, þ.e. um 4,9% af heildinni.

Rektor lagði áherslu á að þetta væru í raun ánægjuleg tíðindi þar sem ekki væri um niðurskurð að ræða og það jákvæða er að það virðist vera ákveðinn stöðugleiki og ný lög um opinber fjármál gera það að verkum að opinberar stofnanir búa við meiri stöðugleika og fyrirsjáanleika en áður. Hins vegar er óbreytt sú staðreynd að háskólastigið er áfram undirfjármagnað og virðist ekki vera ætlun stjórnvalda að bæta úr því.

Úlfar yfirgaf fundinn.

3. Erindi frá siðanefnd

1709022

Edward H. Huijbens prófessor og formaður siðanefndar kom inn á fundinn undir þessum lið.

Edward fór yfir niðurstöðu starfs siðanefndar á skipunartímanum 2015-2017 en rektor óskaði eftir að siðanefnd tæki til umfjöllunar og gerði tillögu um hvort ætti að stofna vísindasiðanefnd við HA eða hvort ætti að fá aðkomu að vísindasiðanefnd HÍ. Niðurstaða siðanefndar er, eftir aðkomu fræðasviða háskólans, að leggja til að HA beiti sér fyrir stofnun vísindasiðanefndar innan Háskólans á Akureyri og/eða á grundvelli samstarfs opinberu háskólanna. Lagt er til að rektor HA taki málið upp á samstarfsvettvangi opinberu háskólanna.

Einnig óskaði rektor í skipunarbréfi siðanefndar að nefnd vinni drög að ferli vegna samskiptavanda eða ósæmilegrar hegðunar nemenda eða starfsfólks. Fyrir liggja drög að slíku ferli og kynnti Edward það fyrir háskólaráði.

Edward kynnti einnig drög að breytingum á siðareglum HA. Breytingar á reglum felast aðeins í uppfærslu á eldri reglum og viðbótum sem eiga við um samskipti og hegðun á netinu.

Fyrir liggur ársskýrsla siðanefndar 2016-2017 og fór Edward yfir starf siðanefndar s.l. ár. Lagt fram til kynningar.

Háskólaráð samþykkir tillögu siðanefndar um að rektor vinni tillögu að stofnun vísindasiðanefndar á grundvelli samstarfs opinberra háskóla og/eða vísindasiðanefndar HA.

Breytingar á siðareglum og drög að ferli vegna samskiptavanda og ósæmilegrar hegðunar er lagt fram til kynningar og verður tekið til afgreiðslu og samþykktar á næsta fundi.

4. Samgöngusamningar

1708017

Málinu frestað til næsta fundar þar sem fræðasviðin og háskólaskrifstofa hafa enn ekki fjallað um málið.

5. Umhverfis- og samgögnustefna

1708018

Málinu frestað þar sem fræðasviðin og háskólaskrifstofa hafa enn ekki fjallað um málið.

6. Stefna HA 2018-2023

1703017

Stefnt er að því að funda í næstu viku með þekkingarsetrum og háskólasetrum sem þjónusta fjarnema HA annars staðar á landinu, um stefnumótun HA og þjónustuna við þessa aðila og nemendur HA á viðkomandi stöðum. Einnig verður fundur í næstu viku með stjórnendum framhaldsskóla á svæðinu, um stefnuna og samstarfið á milli skólastiganna. Í þriðja lagi er stefnt að því að halda opinn fund með nærsamfélaginu/helstu hagsmunaaðilum í samfélaginu um stefnuna í fyrri hluta október.

Fræðasviðin eru að leggja lokahönd á vinnu við stefnumótunina á hverju sviði. Gert er ráð fyrir að sviðin skili sínum niðurstöðum til rektors í október.

7. Arctic Circle 2017

1709026

HA tekur þátt í AC með svipuðu sniði og s.l. ár, með lítinn bás. Fyrst og fremst er um að ræða tengslapátttöku í tengslum við norðurslóðamálefni.

8. Úttekt Ríkisendurskoðunar á hjúkrunarfræði

1708076

Ríkisendurskoðun hefur sent HA drög að skýrslu vegna úttektar á stöðu hjúkrunarfræði á Íslandi. HA sendi inn athugasemdir við drögin. Lagt fram til kynningar.

9. Fámenn námskeið – framkvæmd reglna

Nemendafjöldi á námsbrautum – fjöldatakmörkanir

1709023

Samþykkt var að breyta uppröðun á dagskrá fundarins og taka saman til umfjöllunar 9. og 11. lið skv. dagskrá. 11. liður útsendrar dagskrár fellur því brott.

Lagt fram til kynningar. Til staðar eru reglur um hvernig skuli fara með kennslueiningar í fámennum námskeiðum (færri en 10 nemendur). Á öllum fræðasviðum eru slík námskeið og jafnvel námsbrautir. Forsetar fræðasviða hafa rými til að taka ákvörðun um að slík námskeið séu kennd sem hefðbundin námskeið án þess að kennslueiningar séu skertar. Þetta opnar hins vegar fyrir spurninguna fyrir háskólaráð um hvort það eigi yfir höfuð að samþykkja að fara af stað með slík fámenn námskeið/námsbrautir.

Þetta tengist svo umræðu um nemendafjölda á hverri námsbraut. Skilgreina þarf æskilegan nemendafjölda á hverri námsbraut – út frá fjármagni, starfsmannafjölda, gæðum osfrv. Þessi umræða er í gangi á deildum og sviðum. Út frá því mun háskólaráð halda áfram umræðu um hugsanlegar fjöldatakmörkanir þar sem gæti þurft að fara út í slíkar aðgerðir þar sem nemendafjöldi við skólann nú er kominn að hámarks þolmörkum út frá fjölda starfsmanna og ekki verður hægt að fjölga nemendum frekar án þess að fjölga starfsmönnum verulega.

10. Rannís umsóknir 2018

1709021

RHA hefur tekið saman upplýsingar um umsóknir í Rannís frá HA fyrir árið 2018. Lagt fram til kynningar.

11. Skýrsla úttektarnefndar um matskerfi opinberra háskóla

1601076

Ytri úttektarnefnd hefur skilað skýrslu um matskerfi opinberu háskólanna. Skýrslan verður kynnt fyrir akademískum starfsmönnum háskólanna í næstu viku. Lagt fram til kynningar.

12. Starfsmannamál

Mikið álag hefur verið á mörgum starfsmönnum þar sem mannauður hefur ekki vaxið í samræmi við fjölgun nemenda. Styrkja þarf stjórnun og stjórnsýslu inn á sviðunum og skoða vel fjölda nemenda á hvern kennara til að sjá hvar þarf að fjölga stöðugildum eða fækka nemendum. Mannauðsmál

eru því gríðarlega mikilvægur þáttur í stefnumótuninni 2018-2023 og þarf að styrkja þennan þátt í starfsemi háskólans.

13. Önnur mál

- **Fyrirspurn frá Hermínu**

Mjög mikilvægt að farið verði í að ráða verkefnastjóra í mannauðsmálin þar sem það er að verða sífellt háværi umræða innan skólans hversu álagið er farið að segja til sín, bæði starfsfólk sem er undir miklu álagi og einnig mikil óvissa fyrir starfsfólk sem er á leiðinni á eftirlaun á næstu árum og vantar ramma utan um það en nokkur fjöldi starfsmanna innan skólans mun fara á eftirlaun á næstu árum. Rektor tekur undir það og segir að undirbúningur fyrir slíkt sé í fullum gangi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:31.